

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 25,51 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 27,11 kr. af hverjum lítra.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 1. febrúar 1996 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. febrúar 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. febrúar 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. febrúar 1994. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. febrúar 1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1996.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- A. Íbúðarhús hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 5.500 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeningu kr. 3.500.

- B. Atvinnuhúsnaði pokaening kr. 7.500 fyrir hvern poka.
- C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<b>Sorpeyðingargjald</b>	<b>Sorphreinsunargjald</b>
1. flokkur	kr. 5.000	kr. 20.000
2. flokkur	kr. 10.000	kr. 40.000
3. flokkur	kr. 20.000	kr. 80.000
4. flokkur	kr. 40.000	kr. 160.000
5. flokkur	kr. 80.000	kr. 320.000
6. flokkur	kr. 120.000	kr. 480.000

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi frá 1. janúar 1996.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 107 1995:

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 110,00

Aðrir liðir gjaldskrárinnar breytast ekki.

*Iðnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1996.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarmann.*